

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-196/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 fyrir Mýrarsel

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 fyrir Mýrarsel.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að íbúðarsvæðið í landi Mýrarsels er stækkað þannig að fimm frístundalóðir sem fyrir eru við svæðið verði íbúðarlóðir. Bættast þær við sjö íbúðarlóðir sem fyrir eru þannig að þar verða 12 íbúðarlóðir.

Auk þess segir að mikill „uppgangur“ hefur verið í sveitarfélaginu og munar þar vafalaust mest um aukinn innflutning um höfnina og stóraukið fiskeldi á landi.

Íbúðarbyggð

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Umhverfisstofnun bendir á að þéttbýli geta vaxið og dafnað án þess að byggðin þenjst út og valdi raski og álagi á vistkerfi, landbúnaðarland, vatn o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að þróun þéttbýlisins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfisstofnun vill auk þess benda á landsskipulagsstefnu en þar segir: „Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.“

Umhverfistofnun vill benda á leiðbeiningarit um sjálfbært skipulag sem gefið var út af Skipulagsstofnun og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem hægt er að líta til við skipulag smærri þéttbýlisstaða eins og Þorlákshafnar og Hveragerðis.¹

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

¹ https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/MannlifByggdogBaejarrymi_juni_2023_LQ-1-.pdf